

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi fyrir Breiðdalsvík í S-Múlasýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 15. apríl 1985 staðfest aðalskipulagsupphrátt af Breiðdalsvík í S-Múlasýslu með fyrirvara um legu Austurlandsvegur og Suðurfjarðarvegur.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Breiðdalshrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 2. maí 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

6. maí 1985

Nr. 194

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 163 30. maí 1973 um hvalveiðar.

1. gr.

Á árinu 1985 er óheimilt að veiða fleiri hvali af eftirgreindum tegundum en hér segir:

38 sandreyðar

161 langreyði

147 hrefnur

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum, skv. lögum nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. maí 1985.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Kjartan Júlíusson.